

**Sp.**

### **33. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild handa ríkisstjórninni til að veita fé til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Emil Jónsson, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Brynjólfur Bjarnason, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til að greiða á þessu ári allt að 2 millj. króna úr ríkissjóði til viðbótar þeirri upphæð, sem veitt er í fjárlögum 1944 til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hraða framkvæmd þessa verks eftir því, sem frekast er unnt.

#### **Greinargerð.**

Undanfarandi mánaðartíma hafa verið óvenjumiklir flutninga- og samgöngu-erfiðleikar milli Reykjavíkur og sveitanna austan fjalls. Snjóalög hafa verið svo mikil á Hellisheiði og Mosfellsheiði, að marga daga hefur verið ógerningur að halda leiðum þar opnum, og þá daga, sem brotízit hefur verið yfir á þeim, hefur það kostað mikið erfiði og stórfé, bæði í vinnu og skemmdum á samgöngutækjum.

Eins og kunnugt er, er hér um að ræða fjölförnustu og mikilvægustu samgönguleið landsins. Annars vegar eru mestu landbúnaðarhémuðin, sem byggja orðið framleiðslu sína að langmestu leyti á því að framleiða mjólk og mjólkur-afurðir til daglegrar sölu, og hins vegar kaupstaðir, þar sem meir en  $\frac{1}{3}$  hluti þjóðarinnar er búsettur og verður að fá mikilvægustu lífsnauðsynjar sínar daglega frá landbúnaðarhémuðunum austan heiðarinnar, auk annarra margháttaðra viðskipta. Reykjavík ein þarf orðið um 28 þús. lítra mjólkur daglega auk annarra mjólkur-afurða, og af því magni verður að flytja 16—20 þús. lítra austan að, þótt allt sé tekið, sem hægt er, af því, sem framleitt er vestan heiðar og í Borgarfirði. Mun Mjólkurbú Flóamanna eitt verða að flytja 40—50 smálestir yfir heiðina daglega til að fullnægja brýnustu þörfum bæjarbúa, og varlega er áætlað, að önnur flutningaþörf sé álika mikil og sennilega meiri, þar sem Reykjavíkurhöfn er eina innflutningshöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið frá Reykjanesi að Skeiðarársandi. Þá daga, er erfiðast er að flytja þessa leið, hefur verið talið, að verðmæti allra þeirra mjólkurvara, sem fluttar eru, nægi ekki fyrir flutningskostnaði á þeim, en auk þess kostar það ríkið stórfé, þar sem það hefur bæði margt manna og verkfæra við að reyna að ryðja leiðina, þótt oftast beri það engan árangur og öllu því fé og erfiði þannig á glæ kastað. Það er því alveg víst, að fé það, sem hér fer til einskis árlega, má telja í hundruðum þúsunda, auk allra þeirra óþæginda og erfiðleika, sem þessu eru samfara.

Talið er, að þegar sé búið að eyða af opinberu fé um 240 þús. króna í rannsóknir einar á því, hversu leið þessi verði bezt tryggð. Og enn er áformað að halda áfram að eyða fé með þeim hætti um óákveðinn tíma án þess að ráðast í framkvæmdir. Það er því óhætt að álykta, að sé á málum þessum haldið á sama hátt í nokkur ár enn eins og verið hefur undanfarið, þá verði um milljónaeyðslu að ræða, sem þó færir enga lausn eða bót á málinu sjálfu til frambúðar.

Fyrir nokkrum árum var hafin lagning nýs vegar frá Reykjavík til Suðurlandsundirlendisins um Krýsuvík. Var talið, að leið þessi mundi miklu snjóléttari, þar sem hún er um helmingi lægra frá sjávarmáli, þar sem hæst er, en Hellisheiði og liggur auk þess mjög nærri sjó. Fyrir þrem árum var um  $\frac{1}{3}$  leiðarinnar fullger, og var þá lokið við að leggja hæsta hluta vegarins, yfir Vatnsskarð, og einnig mikinn hluta meðfram Kleifarvatni, — en á þeim tveim stöðum var snjóhætta talin mest. Síðan hefur verið fylgzt með, hversu snjóá legði á þessa leið, þegar illfært

eða ófært hefur verið um Hellis- og Mosfellsheiði, og má segja, að þær athuganir hafi leitt í ljós, að snjólaust, eða svo að segja, hafi jafnan verið á þessari leið. Í vetur, síðan flutningaörðugleikarnir byrjuðu um Hellisheiði og í Þingvallasveit, hefur Mjólkursamsalan nokkrum sinnum látið skoða Krýsuvíkurvegin, það sem komið er af honum, og hefur hann ávallt reynzt með öllu snjólaus og greiðfærari en jafnvel Reykjavíkurgötur sjálfar. Síðast var hann skoðaður af nokkrum flutningsmönnum þessarar tillögu 1. þ. m., þegar allt var ófært á efri leiðunum og talið, að ekki mundi takast að opna þær í bráð vegna snjóþyngsla, og var hann þá auður og snjólaus með öllu. Má því fullyrða, að engir flutninga- eða samgönguörðugleikar væru um þennan veg núna, þegar báðar hinar leiðirnar eru ófærar með öllu. Það virðist því auðsætt, að vegur þessi, ef fullger verður, muni verða stórkostleg umbót á því ófremdarástandi, sem nú er og haldizt hefur um mörg ár, og allar líkur til, að á fáum árum eyði þjóðin meira fé og verðmætum, ef vegurinn er ekki lagður, heldur en það kostar að leggja hann og það nú þegar. Auðvitað er til þess ætlazt, að hér sé aðeins um vetrarleið til öryggis að ræða og Hellisheiðarvegurinn verði bættur og honum haldið við sem aðalleið eftir sem áður. Þótt leiðin um Krýsuvík sé nokkru lengri, skiptir það engu máli móts við það að ætla að halda áfram hinni vonlausu, erfiðu og kostnaðarsömu baráttu við snjóinn á háfjallaleiðum þeim, sem nú eru fyrir hendi.

Upphæð þessarar tillögu er miðuð við það, að helmingur vegarins, sem ófullger er, verði a. m. k. lagður á þessu ári og byrjað sem allra fyrst.